

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Smábarnadeildir á leikskóla

Leiðarvísir að skipulagningu

Sigurlaug Íris P. Hjaltested

221274-2969

Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Efnisyfirlit

ÁGRIP	3
INNGANGUR	4
KENNINGAR UM ÞROSKA KJAGARA.....	5
1. Upphaf sjálfsins.....	7
2. Kjarnasjálfið	7
3. Hin gagnvirka innlifun sjálfsins	8
HELSTU ÞROSKAÞÆTTIR KJAGARA.....	10
MÁLÞROSKI	10
HREYFIÞROSKI	10
FÉLAGSÞROSKI.....	11
LEIKURINN	12
LEIKSTÍLL KJAGARA	12
SAMSKIPTI Í LEIK	14
HLUTVERK HINS FULLORÐNA Í LEIKNUM	15
UMHVERFIÐ	17
LEIKEFNI.....	18
HÚSGÖGN	19
ÚTISVÆÐI	20
LEIKSKÓLAHEIMSÓKN	21
UMRÆÐUR.....	23
AÐ LOKUM.....	24
HEIMILDASKRÁ	25
GÁTLISTI SMÁBARNAEILDAR.....	27

Ágrip

Þessi ritgerð fjallar um skipulag leikskóladeilda fyrir börn á aldrinum 10 – 24 mánaða. Börn á þessum aldri eru kölluð kjagarar vegna hins sérstaka göngulags þeirra. Í upphafi er farið í gegnum helstu þroskætti þeirra og vöxt. Stuðst er við kenningar Daniel Stern um sjálfið og hvernig það þroskast á þessum aldri. Það er margt sem hægt er að gera í umhverfinu til að styðja við þennan þroska.

Á þessum aldri fer mestur þroski fram í gegnum leik. Leikurinn er því sérstaklega skoðaður, hvers konar leikir eru aðallega í gangi og hvaða þroskætti þeir hafa áhrif á.

Að síðustu er svo hugað að uppsetningu á leikskóladeild fyrir þennan aldur. Hvernig sé æskilegt að skipuleggja slíka deild svo að hún uppfylli sem best þarfir kjagara um öruggt og þroskandi umhverfi.

Inngangur

Hvað þarf að hafa í huga við vinnu og skipulagningu á umhverfi leikskóladeildar fyrir 10 – 24 mánaða gömul börn? Þetta rit er hugsað sem leiðarvísir fyrir leikskóla sem eru að fara setja á laggirnar deildir fyrir börn á aldrinum 10 – 24 mánaða, hvernig skuli unnið með börnunum og hvers vegna. Börn á þessum aldri eru á ensku kölluð „toddlers” en íslenska orðið sem hefur verið notað um þau er orðið kjagarar sem ræðst af einkennum göngulags þeirra. Ég mun halda mig við þetta orð hér í þessu riti.

Þegar verið er að skipuleggja deild fyrir svona ung börn er nauðsynlegt að hafa í huga að þetta er fyrsta reynsla þeirra og jafnvel foreldranna líka af skólastofnun. Það er mjög mikilvægt að þessi reynsla sé jákvæð og gefi jákvæða mynd af leikskólanum, stefnu hans og starfi, ásamt starfsfólki hans. Öllum á að finnast þeir vera velkomnir í leikskólann. Hvert barn er sérstakt og mikilvægt að taka á móti því á eigin forsendum og mæta þörfum þess. Umhverfið spilar stóran þátt í þroska barnsins, ekki síður en uppeldið og því er mikilvægt að skapa umhverfi sem hefur örvandi áhrif á skilningarvit barnanna og gefur þeim möguleika á að þroskast sem best (Gandini o.fl. 2001:51-52). Í þessari ritgerð verður því lögð megináhersla á það hvernig best er að skipuleggja umhverfi á smábarnadeild leikskólans og hver grundvöllurinn að því er.

Kenningar um þroska kjagara

Þangað til nýlega voru kjagarar taldir vera frekar óvirkir í samskiptum sínum við umhverfið. Talið var um að þeir væru farnir að hafa lítil félagsleg samskipti við þá sem í kringum þá eru fyrr en um þriggja ára aldurinn. Þar af leiðandi var mesta vinnan á leikskóla fyrir þennan aldur fólgin í umönnun, gefa þeim að borða, skipta á þeim, lofa þeim að sofa og veita þeim almenna umhyggju. Í raun var talið að börn á þessum aldri væru ekki fær um að taka við neinni menntun.

Í þroskasálfræðiritum er því jafnvel ennþá haldið fram að börn séu ekki orðin félagslegar verur fyrr en um þriggja ára aldurinn, fram að því séu þau of sjálfhverf til að geta verið félagsverur. Þessu hélt meðal annars sálfræðingurinn Piaget fram. Margir og jafnvel leikskólar á Íslandi hafa stuðst við kenningar Piaget um börn en það er óðum að breytast með aukinni þekkingu á þroska barna.

Með aukinni þekkingu á börnum hafa viðhorfin til kjagara breyst á undanförunum árum. Komið hafa fram hugmyndir um þróun sjálfsins, sem er í raun nýtt þroskamódel eftir Daniel Stern. Aukin þekking er tilkomin meðal annars vegna nýrrar tækni við rannsóknir svo sem myndbandsupptök, þar sem hægt er að skoða þau mun nákvæmar, gerðir þeirra og háttalag aftur og aftur. Daniel Stern (1985) er einn af þeim sem hafa lagt mikið til þessara mála. Hann hefur bent á, að til að vinna bug á sálrænum meinum hjá fólki þarf oft að líta til fortíðarinnar til að leita orsaka. Nú er farið að líta svo á, að þróun sjálfsins byggist mikið á aðstæðum barns strax á munnstiginu (eins og talað er um í sálgreiningu). Ekki er lengur hægt að tala um að einstakir persónueiginleikar eigi sér ákveðin aldurstengd upptök, heldur þróast þau alla ævina. Þess vegna er ekki hægt að benda á aðstæður á ákveðnu aldursbili sem orsök læknisfræðilegra vandamála líkt og haldið hefur verið fram í sálgreiningu (Stern 1985:11-12).

Kenning Stern fjallar um sjálfsþróun okkar og stendur í rauninni fyrir nýtt þroskamódel. Hún getur hjálpað okkur að skilja og öðlast mikla innsýn í hið ómállega (líkamstjáningu, svipbrigði, tilfinningatjáningu) sem er með í öllum

samskiptum. Grundvöllurinn í þroskamódeli Stern er sjálfið, tilfinningar, upplifun sem stendur fyrir öll samskipti barnsins við umhverfi sitt. Stern skilgreinir sjálfið sem samþættingu á allri reynslu barnsins. Athafnir, tilfinningar og hugsanir renna í eitt. Bakvið þetta liggur vitneskjan um það að sjálfið er meðfæddur hæfileiki sem er þarna og virkar frá upphafi, er líffræðilegur óháð vilja okkar. Við ráðum því ekki hvernig við verðum, heldur þróast sjálfið í samspili við umhverfið. Stern vill meina að tilfinningar byrji að þróast strax í móðurkviði. Hann undirstrikar að tilfinningar eru grunnurinn fyrir sameiginlegri reynslu. Smábarnið er sjálft virkt í að móta sinn eigin heim því strax frá fæðingu eiga samskipti sér stað. Grundvöllur sjálfsins er að það er alltaf byggt á samskiptum við aðra (Haugen 2005:42-43).

Sjálfinu skiptir hann upp í fimm stig og fara börn í gegnum þau á fyrstu þremur árum ævinnar. Hvernig barnið fer í gegnum þessi stig hefur áhrif á reynslu einstaklingsins allt hans líf. Stern leggur áherslu á að þessi fimm þroskaferli taka ekki við eitt af öðru heldur eiga sér stað samhliða hvort öðru. Þó að nýtt stig hefjist er ekki þar með sagt að öðru ljúki (Haugen 2005:43-44). Þetta er ólíkt því sem hefur áður verið talið líkt og í þroskastigum Piaget. Þar gat barn ekki farið á næsta stig fyrr en öðru var lokið. Þetta hamlaði til dæmis vinnu með börnum á þann hátt að ekki var talið að hægt væri að vinna með vissa hluti fyrr en ákveðnum aldri væri náð og barnið væri þá komið á það þroskastig.

Þessi ritgerð fjallar um börn á aldrinum 10 – 24 mánaða og því fjalla ég eingöngu um fyrstu þrjú stig sjálfsins, þar sem þau fjalla um barnið áður en það fer að tala almennilega.

Hin gagnvirka upplifun sjálfsins er mikilvægur grunnur að þroskastigum Stern. Þar er verið að leggja áherslu á hvernig barnið tekur þátt í umhverfi sínu og skilur í rauninni mun meira en gert er ráð fyrir. Þetta er lykilhugmynd til að skýra nánar hvernig félagsskapur og persónuleiki byggja hvort annað upp í samvinnu. Barn er í rauninni með innbyggðan félagslegan grunn og meðfæddan hæfileika til gagnvirkni við annað fólk (Haugen 2005:44-45).

1. Upphaf sjálfsins

Þetta stig hefst á fyrstu vikum barnsins (0-8 vikna). Skynjun barnsins er að byrja að þroskast (sjón, heyrn, lyktarskyn, snerting, hreyfing). Samhæfing á öllum þessum þáttum er nauðsynleg til að skynja umhverfið sem best. Í upphafi er þjálfunin aðallega fólgin í ýmiss konar hermíleikjum (svipbrigði, rödd eða hreyfing). Barnið hermí eftir fullorðnum sem hefur hátt eða hvíslar og reynir að samræma röddina (það sem það heyrir) við andlitið (það sem það sér). Fyrst eru börn að æfa sig meðvitað í þessu en síðar á ævinni er ákveðin þekking komin til staðar sem tengir vissan svip við ákveðinn raddblæ og tilfinningar. Að vera í traustu og öruggu umhverfi er grundvöllurinn að því að barn geti fundið sína innri ró, vellíðan og trú á sitt eigið sjálfstæði sem þróast svo áfram í gegnum lífið. Þegar þessu er náð geta þau notað orku sína og skilning í leik, ein eða með öðrum (Haugen 2005:45-48).

2. Kjarnasjálfið

Við tveggja til þriggja mánaða aldurinn verða miklar breytingar, barnið fer að gera sér grein fyrir að það geti haft áhrif í samskiptum við aðra. Barnið hefur núna aukna stjórn á líkamanum, þar með talið höfðinu og getur því litið þangað sem það vill og veitt fólki meðvitaða athygli. Upplifun barnsins af samskiptum við annað fólk hefur áhrif á tilfinningar þess og með tímanum móta þessar tilfinningar kjarnasjálfið. Hérna byrjar að skapast rými fyrir hið innra tal eða innri leiðsögn sem verður til í leit barnsins að innri ró og vellíðan. Barn getur með aukinni stjórn á líkama sínum tjáð ánægju og reiði. Tveimur börnum sem finnst gaman að koma saman hoppa jafnvel saman og tjá þannig gleði sína. Þar má sjá mikil félagsleg tengsl sem áður var talið að væru í algjör lágmarki hjá börnum undir tveggja ára (Haugen 2005:48-51).

3. Hin gagnvirka innlifun sjálfsins

Síðustu sex mánuði fyrsta árs barnsins er mikil sjálfupplifun í gangi. Barnið finnur að það á sér sitt innra líf, þar sem hrærast tilfinningar, vilji og langanir. Á þessum tíma uppgötvar barnið jafnframt að aðrir eiga sér líka sitt eigið innra líf. Þegar barn er búið að uppgötva þetta getur það jafnframt skilið hvernig það á að tjá sínar langanir og tilfinningar gagnvart öðrum. Einnig getur það túlkað betur og skilið langanir og tilfinningar annarra með því að lesa í líkamstjáningu, raddblæ og svipbrigði. Stern notar hugtakið félagslega tilvísun um það hvernig barn „les” svipbrigði hjá fullorðnum til að fá hjálp í að meta hvort eitthvað sé hættulegt, allt í lagi, gott og svo framvegis. Barnið aðlagar svo atferli sitt eftir því. Allt þetta eykur samskiptafærni barnsins og eykur áhuga þess á samskiptum. Fullorðnir eiga að æfa börn í þessu með því að túlka vilja og tilfinningar barnanna og setja í orð. Þá styrkist innra sjálf barnsins og það lærir smám saman að setja orð á tilfinningar sínar. Ef hinn fullorðni aftur á móti gerir þetta ekki, heldur þröngvar í rauninni sínum veruleika upp á barnið, getur það ruglað það í ríminu. Dæmi um þetta gæti verið barn sem berst um í fanginu á hinum fullorðna vegna þess að það er óánægt en hinn fullorðni „hlustar” ekki á skilaboðin sem barnið er að senda frá sér heldur segir því að það eigi að vera kyrrt svo að hinn fullorðni verði ekki reiður, að barnið eigi að sitja í fanginu á honum vegna þess að hann er að fara að lesa sögu. Með þessu er alls ekki verið að túlka tilfinningar barnsins heldur er hinn fullorðni að þröngva sínum tilfinningum upp á barnið sem getur ruglað barnið í ríminu, þannig að það haldi að ekki megi vera óánægt þegar er verið að lesa sögu. Betra væri að viðurkenna tilfinningar barnsins og „spegla” þær í orðum. (Haugen 2005:51-55).

Af þessari stuttu yfirferð á þroskastigum sjálfsins, sem Stern setti fram, getum við séð hvað hinn fullorðni skipar gríðarlega mikilvægan sess í lífi barns við þróun sjálfs sín. Það skiptir miklu máli hjá leikskólastarfsfólki hvernig unnið er og að þörfum barnanna sé mætt. Þetta eru ekki stig sem koma og hafa endi, þau eru að þróast alla ævina. Eins og allir vita er grunnurinn alltaf mikilvægur og börnin þurfa að fá tækifæri til að þjálfa hæfni sína. Áður en börnin fara að tala almennilega þurfa þau að nota allan líkamann til að tjá þessar tilfinningar og

langanir. Með sinni meðfæddu lífsorku, getu, hæfileika, skapi og líkama er barnið hluti af samræðum (Haugen 2005:44). Því er brýnt að hinn fullorðni sé meðvitaður um það og einbeiti sér að því að skilja líkamstjáningu barnsins og setji á hana orð. Þannig fá börnin smám saman orðaforða sjálf til að tjá sig, tilfinningar sínar og langanir.

Helstu þroskapættir kjagara

Málproski

Það eru margar kenningar um máltöku barna, þeir sem eru fremstir í flokki kennismiða eru Chomsky og B. F. Skinner. Chomsky heldur því fram að máltaka sé meðfæddur hæfileiki eða tæki sem börn fæðast með. B.F. Skinner leggur aftur á móti meiri áherslu á umhverfið og að börn læri tungumál með styrkingu líkt og í virkri skilyrðingu (Aldís Guðmundsdóttir 1997:212-214). Mjög líklega er máltaka barna blanda af báðum þessum kenningum og gott að hafa þær báðar í huga í vinnu með börnum.

Málproski barna á þessum aldri er í mikilli mótun og fullorðnir gegna stóru hlutverki sem fyrirmyndir barnanna í málnotkun. Mikilvægt er að setja orð á athafnir, bæði það sem kennarinn er að gera og það sem barnið er að reyna að tjá. Oft tjá börn sig einungis með einu orði eða bendingum, þá er það hlutverk kennarans að setja orð á vilja barnanna í heilum setningum (Hast 2001:9-14). Þetta er alveg í samræmi við það sem Stern segir um mikilvægi þess að setja orð á athafnir barnsins, einnig þarf að tjá það sem hinn fullorðni er að gera jafnóðum svo að barnið læri það mál sem er notað við viðkomandi athöfn.

Hreyfiproski

Mikilvægt er að umhverfið örvi börn til hreyfingar og gefi þeim tækifæri til að styrkja líkamann. Í kringum eins árs aldurinn fara flest börn að ganga, sum aðeins fyrr og önnur aðeins seinna. Það að byrja að ganga krefst gríðarlegrar þjálfunar og samhæfingar af barninu. Það er því mikilvægt að huga vel að vali á öllum húsgögnum á leikskóladeildinni og hvernig þeim er raðað upp. Gott getur líka verið að hafa spennandi hluti í sjónhæð barnanna þegar þau standa, þetta geta verið myndir eða speglar, eitthvað sem börnunum finnst heillandi og spennandi að skoða. Þegar þau hafa síðan náð taki á göngunni, kemur að hlaupi og hoppi næst. Þetta eru helstu grófhreyfingar kjagaranna.

Fínhreyfingar eru annar hluti af hreyfiþroskanum. Í kringum átta til níu mánaða aldurinn eru þau farin að nota þumalfingur og vísifingur til að tína upp hluti. Þó er það ekki fyrr en í kringum tólf mánaða aldurinn sem þau geta farið að halda á litum og teiknað sínar fyrstu myndir. Aðrir hlutir sem börn eru að þjálfa fyrstu tvö ár ævinnar eru til dæmis að færa hluti á milli handa, klappa og halda á hlutum í báðum höndum. Hluti af þjálfun fínhreyfinga kjagara er að æfa sig í að matast sjálf. Fyrst geta þau átt í smá erfiðleikum að hitta á munninn á sér en með betra valdi á hendinni ná þau betri tókum á því (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal 2003:49-63, Frost 2005:89).

Félagsþroski

Uppgötvun sjálfsins er mjög stór þáttur í öllum þroska frá um 9 mánaða til um 24 mánaða. Á þessum aldri eru börnin að æfa sig í aðskilnaði frá umönnunaraðila, það er að vera í burtu frá honum hluta úr degi og vera svolítið sjálfstæð. Einnig eru börn á þessum tíma að læra að þekkja tilfinningar sínar og hvernig upplifun þeirra er mismunandi. Annar mikilvægur þáttur er að æfa sig í samskiptum og þróa samband við aðra, aðallega önnur börn. Það er ekki fyrr en börnin eru komin á þennan aldur sem það er mögulegt. Í þessu felst að læra að sjá hlutina út frá sjónarhorni annarra, það er hvernig aðrir upplifa hlutina og hverjar tilfinningar þeirra eru (Stern, D. 1985:10-12).

Leikurinn

Leikurinn er kennslu- og lærdómsaðferð leikskólans. Lögð er áhersla á að kennsla fari fram í gegnum leikinn. Einnig er sjálfsprottni leikurinn mikilvægur því með honum tjá börn reynslu sína og áhugasvið (Aðalnámskrá leikskóla 1999:11-12).

Margar kenningar hafa verið uppi um leikinn og hvað felist í rauninni í honum. Að skilgreina leikinn er ekki auðvelt og ýmsir hafa gert það. Birgitte Knutsdóttir Olofsson er ein af þeim sem hafa mikið fjallað um leikinn. Í bókinni *Uppeldi* (1995) er búið að taka saman helstu einkenni leiksins samkvæmt Olofsson:

- Leikur er eitthvað skemmtilegt, hvort sem barnið leikur sér eitt, með fullorðnum eða með öðrum börnum.
- Frjáls leikur einkennist af virkni, gleði, áhuga og einbeitni barnanna. Þau gangast upp í leiknum af lífi og sál, annað er ekki til.
- Leikur er ekki skylda, áhuginn kemur af sjálfu sér, þó að kringumstæður, leikskilyrði og hinir fullorðnu hafi oft sín áhrif hér. Börn leika sér sjálfviljug.
- Leikurinn er skapandi atferli þar sem barnið er stjórnandi. Leikurinn miðast ekki við annað en að leika sér, engan tilskilinn árangur eða ákveðna útkomu.

(Guðrún Friðgeirsdóttir og Margét Jónsdóttir 1995:170-171).

Af þessari upptalningu má sjá að það er vandasamt verk að kenna í gegnum leikinn, því hann á að vera sjálfsprottinn. Það sem leikskólakennari getur aðallega gert er að útvega leikefni sem ýtir undir þennan sjálfsprottna leik barnanna.

Leikstíll kjangara

Leikstíll kjangara einkennist að miklu leyti af hreyfingu. Þau eru að uppgötva líkama sinn og hvernig þau geta stjórnað honum. Sumum finnst börn á þessum aldri vera óróleg og ekki una sér nægilega vel við verkefni sem eru valin fyrir þau, líkt og púsl eða setja kubba í form. Ef barnið unir sér ekki við þessi verkefni getur

ástæðan einfaldlega verið sú að það hefur ekki áhuga á verkefninu eða að það sér eitthvað annað sem heillar það. Kjaragarar eru mjög áhrifagjarnir og stjórnast af tilfinningum sínum, því finnst okkur þeir kannski vaða úr einu í annað. Þetta er einfaldlega vegna þess að þeir sjá eitthvað nýtt spennandi og vilja strax kanna það. Vegna þess að mikil könnun fer fram á þessum aldri, geta verkefni sem bjóða bara upp á eina rétta lausn, virkað fráhrindandi. Börnin vilja fá að prufa sig áfram þar til þau finna lausn sem þau eru sátt við (Goldschmied, E 1994:119).

Af þessu má draga þá ályktun að þau einbeitingarverkefni sem kjögurum er boðið upp á þurfi að hafa fleiri en eina lausn. Dæmi um einbeitingarverkefni sem kjaragarar hafa yfirleitt mjög gaman af er könnunarleikurinn. Þar eru þau með ýmiss konar box og setja mismunandi hluti í þau, fylla og tæma til skiptis, hvað gerist ef börnin loka boxinu o.s.frv. Eldri börn eru ekkert spennt fyrir þessu, þau myndu frekar nota boxin í búðarleik eða eitthvað þess háttar. Ástæðan fyrir því er að þau eru búin að fullkanna hvernig boxin virka. Þegar hlutir eru fullkannaðir breytist leikgildi þeirra og þá eru þeir frekar notaðir sem leikmunir sem börnin vita hvað standa fyrir (Röthle 2005:115).

Leikstillinn er greinilega mjög ólíkur eftir aldri/þroska barnanna og mikilvægt að gera sér grein fyrir hvar börnin eru stödd. Þegar fullorðnir fara í göngutúr í skógi, þá ganga þeir eftir stígnum, anda að sér fersku lofti og njóta útiverunnar. Kjaragari tollir aftur á móti illa á stígnum. Þetta er annað dæmi um hvernig börn þurfa að kanna umhverfi sitt til hlítar. Kjaragarinn hleypur út af stígnum til að finna hvernig er að ganga í móanum, koma við trén, lykta af þeim og jafnvel smakka, til að greina muninn á milli trjátegunda. Prófa að príla upp á steina og hóla, tína upp köngla og strá, slíta þau í sundur, henda steinum og laufum í lækinn, og fleira og fleira. Kjaragararnir þurfa með öðrum orðum að kanna allt umhverfið á sínum forsendum. Til þess nota þeir öll skilningarvitin, ekki síst snertiskynið. Svona breyta þeir venjulegri gönguferð í spennandi leik (Röthle 2005:112).

Hvað er það sem lokkar börn til leiks? Leikurinn liggur á mörkum hins þekkta og óþekkta þar sem börnin eru að kanna umhverfi sitt eins og áður hefur verið sagt. Það er ekki nóg að leikurinn hafi margar mögulegar lausnir heldur þarf í leiknum að vera rétt jafnvægi á milli spennu og slökunar. Ef við skoðum barn sem er að

leika sér með bolta og láta hann skoppa (vöðvaspenna og slökun), boltinn kemur til baka aftur (frá veggnum eða meðspilara) og færir nýja spennu í leikinn. Þannig gengur leikurinn fram og tilbaka. Ef spennuhlutinn verður of lítill líður leikurinn undir lok en ef spennan verður of mikil fer leikurinn úr böndunum til dæmis, þykjustuslagur verður að alvöru slag. Leikur sem er mjög vinsæll hjá kjögurum er „týndur“. Það skapar mikla kátínu hjá litlum börnum að fela sig og finnast síðan aftur, það skapar spennuna. Þessi leikur krefst samleiks á milli tveggja persóna, oftast fullorðins og barns. Þessi leikur er líka góður til að kenna börnum að hlutir/fólk sem hverfur í smástund kemur aftur. Aðlögun í leikskólanum er í líkingu við þennan leik, foreldrarnir fara frá í stuttan tíma í einu í upphafi sem smálengist þar til fullum dvalartíma barnsins er náð. Barn sem á mjög erfitt með aðskilnaðinn frá foreldrum getur fengið hjálp við að fást við þennan vanda með „týndur“ leiknum. Þessi leikur tekur á sig ýmsar myndir en allar eiga þær sameiginlega hrifninguna og gleðina yfir því að sjá aftur það sem var týnt (Röthle 2005:115-118).

Ærslaleikur er enn einn leikurinn sem er mjög vinsæll hjá kjögurum. Hann er ekki bara vinsæll heldur mætti segja að hann væri nauðsynlegur þessum aldri vegna þeirrar líkamlegu þjálfunar sem hann veitir. Í ærslaleik eru börnin líka að prófa sig áfram með form og rými, þau læra að skynja heiminn út frá líkama sínum og líkamsvitund (Röthle 2005:119).

Samskipti í leik

Gunvor Løkken er einn af þeim fræðimönnum sem hefur rannsakað leik smábarna mjög mikið. Rannsóknir hennar hafa leitt í ljós að félagslegir ærslaleikir eða hreyfingarleikir innihalda mestu félagslegu tengslin í leik á milli kjagara.

Samkvæmt þessum rannsóknum eru það þrír þættir sem einkenna leikina mest:

- líkami kjagarans er í sjálfu sér mikilvægasti þáttur leiksins til dæmis, félagahlaup fram og tilbaka á milli tveggja punkta í (gjarnan tómu) rými. Þrjú upp og niður af einhverju.

- líkami barnsins snýst í kringum stórt leikfang, til dæmis dýna, púðar eða stór pappakassi.
- leikskólakennarar eru meðvitað til staðar á hliðarlínunni og leyfa leiknum að hafa sinn gang, án þess að blanda sér að óþarfa inn í leikinn (Løkken 2005:31).

Samskipti geta verið margs konar en þar sem kjagarar eru ekki farin að tala nema að litlu leyti, fer meirihluti samskiptanna fram án orða. Við tjáum ekki eingöngu hugsanir okkar með orðum heldur líka með líkamstjáningunni. Börn sem eru að byrja að læra að tala, tjá sig fyrst og fremst með líkamanum (Løkken 2005:32). Börn virðast vera ótrúlega klár í að skilja líkamstjáningu og spegla tilfinningar hvors annars. Dæmi; barn situr fyrir framan spegil og æfir mismunandi svipbrigði með hljóðum. Annað barn kemur að og fer strax að herma eftir svipbrigðunum og hljóðunum, við hliðina á fyrra barninu. Þarna eiga þessi tvö börn í samskiptum og æfa sig jafnframt í að setja sig í spor hvors annars. Upp úr þessu getur spunnist skemmtilegur leikur þeirra á milli þar sem skipst væri á að setja upp svipbrigði og framkalla hljóð.

Hlutverk hins fullorðna í leiknum

Það sem hefur komið fram hér að framan um hlutverk hins fullorðna, er alveg í samræmi við það sem talað er um í Aðalnámskrá leikskóla (1999), en þar er sérstakur kafli um hlutverk leikskólakennara í leik barna og þar segir meðal annars „Leikskólakennari á að fylgjast vel með leiknum og á ávallt að vera reiðubúinn að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna.” (Aðalnámskrá leikskóla 1999:13)

Þá er hægt að spyrja, hvers vegna leikskólakennararnir eiga bara að „standa á hliðarlínunni”? Þar sem leikskólinn er aðalvettvangur barna til að hitta önnur börn og leika sér í jafningjahópi, þarf að gefa þeim næði til að þróa leik sinn. Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) er þetta eitt af meginmarkmiðunum. Þess vegna er það kannski aðalhlutverk leikskólakennarans að „standa á hliðarlínunni” og skipta sér ekki of mikið af leik barnanna. Rannsóknir hafa sýnt að samleikur barna getur

þó ekki hafist nema að traust samband sé við fullorðinn á staðnum. Barnið þarf að geta náð augnsambandi við hinn fullorðna og orðið þannig öruggt í umhverfi sínu. Sýnt hefur verið fram á að ágreiningur var meiri á milli barna þar sem ekki var hægt að ná sambandi við fullorðinn á auðveldan hátt. (Röthle 2005:120-121).

Umhverfið

Mikilvægt er að örva félagsþroska, vitsmunþroska og líkamsþroska hjá litlum börnum. Börnin þroskast aðallega með því að kanna og prófa sig áfram. Umhverfi leikskólans ætti að örva og hvetja til könnunar og styðja þannig við þroska barnanna og vellíðan. Börn á þessum aldri hafa mikla þörf fyrir að handleika, skoða og prófa hluti. Þeim finnst sérstaklega gaman að setja hluti ofan í ílát. Þau vilja þó ráða sjálf hvað þau eru að gera og því er mikilvægt að hafa hæfilegt magn af hlutum og koma þeim þannig fyrir að þau geti náð sér í þá sjálf og sett saman á mismunandi hátt. Börnin þurfa að prófa sig áfram og endurtaka, vegna þess að með því öðlast þau smám saman aukna færni í því sem þau eru að gera og stækka því svæði mögulegs þroska eins og það er skilgreint af Vygotsky (Gandini o.fl. 2001:89-92). Það er talað um að eitthvað sem innan svæðis mögulegs þroska þegar það er eitthvað sem barn getur framkvæmt með hjálp.

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) er talað um að umhverfið þurfi að „... örva leik barnanna, frumkvæði þeirra og virkni.” (Aðalnámskrá leikskóla 1999:12). Af þessu má sjá að umhverfið og skipulagning þess hefur mikil áhrif í leikskólalastarfinu. Þetta er betur skýrt í næstu tilvitnun:

Lýsing og hljómburður í leikskóla hefur mikil áhrif á leik og líðan barna. Hlýlegt umhverfi stuðlar að ró í samskiptum barna en ofhlaðnar leikstofur geta skapað óróa. Hætt er við að snautt og tilbreytingarlítið umhverfi sé hvorki vekjandi né þroskavænlegt.

Skipulag og umhverfi leikskóla hefur áhrif á leik barna og getur stutt við leikinn en einnig verkað hamlandi. Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara. (Aðalnámskrá leikskóla 1999:13)

Greinilegt er að það þarf að huga vel að umhverfinu svo leikur barnanna fái notið sín. Þetta á við á öllum deildum leikskólans óháð aldri barnanna sem þar dvelja. Ávallt þarf þó að taka tillit til barnahópsins og ólíkra þarfa hans, það er

mismunandi hvað virkar hvetjandi á eins árs gamalt barn og fimm ára gamalt barn.

Leikefni

Hvað myndi vera gott leikefni á smábarnadeild? Til að efla líkamsþroska kjagara og koma til móts við hina miklu hreyfiþörf þeirra, þarf að huga að ýmsu.

Þegar verið er að velja leikföng á smábarnadeild ber að hafa í huga að ekki mega vera of margar tegundir í boði hverju sinni til að börnin verði ekki ringluð af of miklu úrvali. Betra er að skipta frekar leikföngum út reglulega.

Til að örva grófhreyfingar þeirra er gott að hafa stórar dýnur á gólfinu. Dýnurnar þurfa að vera hæfilega stífar til að hægt sé að ganga á þeim en nægilega mjúkar til að börnin meiði sig ekki ef þau detta. Það er hægt að fá margskonar púða mismunandi í laginu, eins og til dæmis púða mótaðir sem tröppur, rennibraut, banana grunnformin (ferhyrningur, þríhyrningur, hringur) og margt fleira. Púðarnir gætu hentað vel til að byggja úr eða bara príla á. Púðana er einnig hægt að fá með mismunandi efnisáferð, ef efnið er sleipt er jafnvel hægt að nota púða sem rennibraut. Allt þetta er opinn efniviður sem hægt er að leika sér með á ýmsa vegu. Dýnan á gólfinu nýtist síðan að sjálfsögðu fyrir börnin í hvíldinni. Einnig væri gott að hafa eitthvað til að klifra í, eins og lítinn stiga sem hægt er að ganga upp og niður.

Fyrir örvun fínhreyfinga er nauðsynlegt að útvega börnum góðan og fjölbreyttan efnivið í könnunarleikinn, sem lýst var hér að framan. Einnig nýtist opinn efniviður líkt og leir, litir og fleira, mjög vel fyrir börnin til að æfa fínhreyfingar handa og fingra.

Kjagarar líkt og önnur börn hafa mjög gaman af hlutverkaleikjum. Þeirra hlutverkaleikur er einfaldari en eldri barna og einkennist mest af því sem fram fer á heimili barnanna. Gott er að hafa efnivið líkt og föt og húsbúnað. Húsbúnaður myndi þá teljast vera eldhúsahöld, eldavél, rúm og jafnvel bíll. Gott er að hafa rúmið þannig að börnin geti sjálf lagst í það, ekki eingöngu dúkkurnar, vegna þess

að þau vilja oft setja sig í hlutverk litla barnsins, sérstaklega ef ungabörn eru í nánasta umhverfi þeirra. Svo er að sjálfsögðu gott að hafa dúkkur af ýmsum gerðum sem þau geta notað í leikjum sínum. Þegar ég tala um dúkkur af ýmsum gerðum á ég við dúkkur af báðum kynjum og með mismunandi húðlit.

Þetta eru eingöngu uppástungur að efnivið sem ég tel að eigi heima á smábarnadeild. Að sjálfsögðu er aldrei hægt að búa til tæmandi lista því áhugi barna getur verið breytilegur og nauðsynlegt að endurspeglu hann að hluta til í leikefninu. Ég tel óþarfa að telja upp hluti sem eiga heima á öllum leikskólum, líkt og bækur, hljóðfæri og efni til listsköpunar.

Húsgögn

Þegar kemur að húsgögnum á smábarnadeild, þá tel ég að í rauninni eigi ekki að vera of mikið af þeim. Börn á þessum aldri eru svo mikið að þjálfa líkama sinn að best er fyrir þau að vera sem mest á gólfinu í hreyfingu. Ef ekki er matsalur í leikskólanum er auðvitað nauðsynlegt að hafa borð og stóla til að börnin geti matast, en ég myndi vilja sjá það taka sem minnst pláss. Stólana væri best að hafa þannig að hægt væri að stafla þeim saman þegar þeir væru ekki í notkun og borðin væri þá frekar hægt að nota í leik, ef stólarnir loka því ekki af.

Gott er að hafa hluti/leikföng vel flokkuð í sýnilegum ílátum sem geta verið merkt ýmist með litum og/eða myndum. Með þessu móti geta þau séð vel hvar hver hlutur á að vera og þau finna sjálf þörf hjá sér til að hafa hlutina á réttum stað, því það auðveldar þeim að finna þá þegar þau vilja sjálf nota þá (Gandini o.fl. 2001:94).

Að sjálfsögðu þarf að huga vel að öllum öryggisatriðum. Á deild kjagara þarf að passa að húsgögnin sem eru í hæð barnanna séu ekki með hvössum hornum eða fólgin í þeim einhver slysaöldra, því kjagararnir eru mjög valtir á fótunum og detta því oft.

Útisvæði

Þegar verið er að koma smábarnadeild á laggirnar þarf sérstaklega að huga að útisvæðinu. Gera þarf ráð fyrir plássi þar sem vagnar geta staðið því mörg börn á þessum aldri sofa úti í vögnum á daginn. Þetta svæði þarf að vera í góðu skjóli og í góðum skugga, svo ekki skapist of mikill hiti innan í vögnunum. Staðsetningin þarf líka að vera þannig að starfsmenn deildarinnar geti fylgst með börnunum sem sofa.

Útisvæði fyrir smábarnadeild á ekki að vera of stórt svo að börnin upplifi sig örugg, þess vegna er gott að hafa þeirra svæði vel afmarkað frá stóra leiksvæðinu. Kjagarar hafa þörf fyrir að geta ávallt náð augnsambandi við leikskólastarfsmann til að fyllast ekki óöryggi, ef svæðið er of stórt og hópurinn of fjölmennur getur það reynst erfitt (Röthle 2005:120-121). Það er algengur misskilningur að kjagararnir séu hræddir við stóru börnin, sú er ekki raunin. Óöryggi þeirra starfar af því hversu stórt svæðið er og fjölmennt og því erfitt að ná augnsambandi við starfsmann. Að sjálfsögðu fá stóru börnin leyfi til að koma í heimsókn í litla garðinn ef þau sýna því áhuga.

Leikskólaheimsókn

Ég fór í heimsókn á einn leikskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem starfrækt er smábarnadeild. Þar var margt áhugavert að sjá og kynna sér. Þessi leikskóli starfar í anda Reggio Emilia og einkunnarorð hans eru „Hugmyndir barnsins, verkefni dagsins”. Til að útskýra þetta stuttlega er hérna smá lýsing tekin af heimasíðu leikskólans:

Leikskólinn starfar eftir vinnuaðferðum **Reggio Emilia**, þar sem börnin eru í brennidepli. Þá er átt við að við lítum á þau sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga. Hlustað er á hugmyndir þeirra og vinnan er aðlöguð að hæfni og möguleikum þeirra. Við segjum að þessar vinnuaðferðir séu lífssýn. Sýn okkar á börnin og nám þeirra endurspeglast í starfi okkar.

Við teljum að það séu þrír kennarar: kennarinn, börnin og umhverfið. Því reynum við að gera umhverfið lokkandi eða námshvetjandi. Við reynum með hjálp barnanna að sjá möguleikana í hversdagsleikanum að uppgötva og rannsaka saman (Leikskólar Hafnafjarðar – Stekkjarás [án árs]).

Á smábarnadeildinni var reynt að byggja daginn upp í anda Reggio Emilia en dagskipulagið er „fljótandi”. Í þessu felst að ákveðnir dagskrárliðir eru ekki festir á ákveðinn tíma dagsins heldur látið „fljóta” með börnunum. Undantekningin frá þessu er þó sú að einu sinni í viku hafa þau aðgang að myndlistarstofunni í leikskólanum.

Til að hjálpa börnunum að finnast þau velkomin og örugg í leikskólanum fer deildarstjóri í heimsókn til allra barnanna svona tveimur vikum áður en þau byrja í leikskólanum. Þegar barnið mætir svo sinn fyrsta dag í leikskólann er búið að gera alla pappíra klára og komin mynd af barninu á hólfi þess (sem deildarstjórinn tók í heimsókninni). Annað sem skapar meiri öryggiskennd hjá börnunum er að þau koma með sæng og kotta að heiman sem þau sofa með í hvíldinni í leikskólanum.

Mikið er lagt upp úr því að skapa notalegt andrúmsloft á deildinni, lýsing er mjög hlý og mild og mikið er um fallega óróa sem hanga í loftinu. Þetta hjálpar allt til að skapa mjög rólega og notalega stemmingu á deildinni. Margt skemmtilegt er í augnhæð barnanna líkt og mismunandi speglar, myndir eftir börnin með bókaplasi yfir og litlar puttabrúður sem eru festar á veggina með frönskum rennilás.

Við skoðun mína á þessari deild sá ég margt sem var í samræmi við það sem ég hef lesið. Mikil áhersla var að bjóða barnið velkomið í leikskólann og láta því líða sem best. Stórir púðar, dýnur og jafnvægisleikföng voru áberandi á deildinni sem stuðla vel að því að styrkja börnin líkamlega. Einnig talaði deildarstjórinn um að búið væri að panta sérstök leiktæki fyrir útisvæðið sem ætti að girða sérstaklega af þegar þau yrðu sett upp. Það sem vantaði þó hjá þeim var sérstakt svæði fyrir barnavagnana. Þeir þurfa að vera við innganginn sem snýr að bílastæðinu, þetta er að sjálfsögðu engan veginn nógu gott. Þarna er bílaumferð og einnig umgangur foreldra sem eru að koma með og sækja börnin sín.

Mér finnst umhugsunarvert að deildarstjórinn hafði orð á því að börnin væru mjög mikið veik og fæst þeirra hefðu nokkurn tímann verið heila viku á leikskólanum. Það er spurning hvort að þetta teljist vera eðlilegt fyrir börn á þessum aldri? Er reglan sú að því yngri sem þau byrja á leikskóla, því meira séu þau veik á fyrsta árinu í leikskólanum? Ef svo er þarf leikskólinn að vera meðvitaður um þetta og gera foreldrunum grein fyrir þessu áður en barnið byrjar í leikskólanum.

Umræður

Hvað er það svo sem leikskólastarfsfólk getur lært af þessum lestri? Jú, ég tel að ég hafi sýnt vel fram á það hve þetta aldurskeið er gríðarlega mikilvægt fyrir allt sem á eftir kemur og því þurfi að vanda vel til verks. Eflaust eru margt starfsfólk sem hefur sömu hugmyndir og ég hafði áður en ég hóf þessa vinnu, það er að ekkert sé hægt að gera með svona ungum börnum. Til að breyta þessu er mikilvægt er að starfsfólk kynni sér vel og tileinki sér kenningar Daniel Stern og öðlist með því meiri þekkingu á þessu þroskaskeiði.

Því miður er mjög lítil áhersla lögð á þennan aldurshóp í menntun leikskólakennara eins og er en vonandi mun það breytast með auknum rannsóknum á þessu sviði. Á Íslandi fer smábarnadeildum fjölgandi og þetta virðist vera þróunin í starfinu. Því er það von mín að bæði menntun og rannsóknir fari að aukast á þessum aldri hér á landi. Það er mikilvægt að rannsaka við íslenskar aðstæður til að við getum nýtt okkur það betur. Á meðan notumst við erlendar rannsóknir.

Einnig má segja að umhverfið skipi stóran sess í starfi með svona ungum börnum og því mjög mikilvægt að það skipi stóran sess í skipulagningu starfsins.

Að lokum

Þegar lagt var af stað með þetta verkefni var hugurinn fyrst og fremst bundinn við það hvaða faglega starf væri unnið á svona smábarnadeildum. Ég var með öðrum orðum lituð af fordómum um að eingöngu færi fram umönnun á smábarnadeildum. Það breyttist þegar ég fór að lesa fræðileg gögn, augu mín opnuðust fyrir því hvað þetta aldurskeið er mikilvægt í öllu námi sem á eftir kemur. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hve líkamsvitund og líkamstjáning kjagara er mikilvæg og hve mikið nám fer fram í gegnum líkamann hjá þeim. Þegar ég var búin að átta mig á þessu fannst mér ég vera komin með góðan ramma fyrir verkefnið. Verkefnið yrði að miðast við það hvernig helst væri hægt að styðja við og þroska líkamsvitund kjagara þegar skipulögð er smábarnadeild. Það er von mín að þessi ritgerð geti nýst þeim sem ætla að setja á laggirnar smábarnadeild á leikskóla. Þessu til stuðnings læt ég fylgja með gátlista um hvað ber að hafa í huga í undirbúningi smábarnadeildar.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aldís Guðmundsdóttir. 1997. *Sálfræði: Vöxtur og þroski*. Mál og menning, Reykjavík.

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. 2003. *Barnasálfræði. Frá fæðingu til unglingsára*. Mál og menning, Reykjavík.

Frost, L. Joe, Sue C. Wortham og Stuart Reifel. 2005. *Play and child development*. Pearson, Ohio.

Gandini, Lella and Carolyn Pope Edwards. 2001. *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care*. Teachers College Press, New York.

Goldschmied, E. & Sonia Jackson. 1994. *Young children in day care*. Routledge, London.

Haugen, Synnøve. 2005. „Barnehagen – arena for små barns opplevelse av mestring og glede over livet.” *Småbarnspedagogikk: fenomenologiske og estetiske tilnærminger*, bls. 40-59. Ritstj: Haugen, Synnøve, Gunvor Løkken og Monika Röthle. Cappelen akademisk forlag, Oslo.

Hast, Fran and Ann Hollyfield. 2001. *More Infant and Toddler Experiences*. Redleaf Press, U.S.A.

Leikskólar Hafnafjarðar – Stekkjarás. [Án árs.]

<http://www.leikskolinn.is/stekkjaras/index.php> [Sótt 22. apríl 2008.]

- Løkken, Gunvor. 2005. „Toddleren som kroppssubjekt.” *Småbarnspedagogikk: fenomenologiske og estetiske tilnærminger*, bls. 24-38. Ritsj: Haugen, Synnøve, Gunvor Løkken og Monika Röthle. Cappelen akademisk forlag, Oslo.
- Röthle, Monika. 2005. „Møtet med de lekende barna.” *Småbarnspedagogikk: fenomenologiske og estetiske tilnærminger*, bls. 110-129. Ritsj: Haugen, Synnøve, Gunvor Løkken og Monika Röthle. Cappelen akademisk forlag, Oslo.
- Stern, Daniel N. 1985. *The Interpersonal World of the Infant*. Basic Books, Inc. Publishers, New York.

Gátlisti smábarnadeildar

- Gott rými
- Dýnur og púðar
- Ekki of margar tegundir af leikföngum
- Hafa leikefni vel merkt þar sem börnin geta náð í þau sjálf
- Hafa nægilegt efni fyrir könnunarleikinn
- Huga að lýsingu og hljóði (ómtíma)
- Afmarkað útisvæði
- Staðsetning fyrir barnavagna